## II. Tillaga til 398. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 4. maí 2017.

Tillaga 475. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar, 12. apríl sl., um að heimila óverulega breytingu á deiliskipulagi við Skrúð í Dýrafirði.

### 5. 2017010006 - Skrúður, þjónustuhús.

Með vísan í bréf Einars Ísakssonar f.h. Minjastofnunar Íslands dags. 14.febrúar 2017 þá vill Minjastofnun benda á að skrúðgarðurinn Skrúður í Dýrafirði fellur undir ákvæði um friðaðar menningarminjar. Skrúður var stofnaður árið 1909 og þar með yfir 100 ára gamall og telst friðaður. Í 22. gr. laga um menningarminjar segir að friðhelgað svæði skal vera 15 metrar. Með vísan í ofangreint þarf að gera óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Skrúð.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur við bæjarstjórn að heimila óverulega breytingu á deiliskipulagi skv. 2 mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010.*